

IX. KAFLI

Breytingar á samþykktinni.

47. gr.

Til þess að gera breytingar á samþykkt þessari, þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar nr. 215 27. des. 1947 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 19. október 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 178 10. september 1971,
um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

2. tl. 2. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Nú hefur maður, er flytur búferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum og bifreiðin er eldri en 4 ára og hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. eitt ár, og má þá halda áfram að fyrna bifreiðina umfram það, sem getur í 1. lið, um allt að 1.5% á mánuði frá 4 ára aldri, þó skal aldrei farið niður fyrir 10% af verði því, sem til grundvallar er lagt í tl. 1.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. október 1971.

F. h. r.

Björn Hermannsson.

Þorsteinn Ólafsson.